

Mál nr. 106/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 25. apríl 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M, sem var ökumaður strætisvagns, hafi stöðvað strætisvagninn við umferðarljós þegar þau voru að skipta yfir í rautt. Annar strætisvagn X, sem ók fyrir aftan, náði ekki að stöðva með þeim afleiðingum að hann keyrði aftan á strætisvagninn sem M ók, þann 18. október 2021.

Læknisfræðileg gögn málsins sýna að M leitaði á heilsugæsluna í Urðarhvarfi daginn eftir áreksturinn og lýsti þar verkjum. Einnig kemur fram að M hafi verið óvinnufær með öllu í um eina viku eftir áreksturinn, þ.e frá 19. til 25. október 2021, og fengið tilvísun til sjúkraþjálfara. Í sömu gögnum kemur fram að M hafi m.a. leitað til læknis vegna verkja 26. október 2021, 24. nóvember 2021, 7. janúar 2022, 16. febrúar 2022, 2. maí 2022, 30. júní 2022 o.fl. Einnig liggur fyrir matsgerð, dags. 9. febrúar 2021, þar sem sjúkrasaga M er reifuð. Kemur þar m.a. fram að M hafi átt ýmis slys að baki.

M telur sýnt með læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 18. október 2021 og að hún hafi enn einkenni vegna þess og þannig séu líkur á varanlegu líkamstjóni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til mynda af strætisvögnunum eftir árekstur og að tjón hafi orðið lítið sem og PC-crash skýrslu dags. 15. nóvember 2022 þar sem höggkraftur er metinn vægur. Þá vísar V til þess að M eigi sér langa sögu um sömu og sambærileg einkenni og hún lýsti eftir slysið. Því sé ósannað að orsakatengsl séu á milli núverandi einkenna og slyssins sem um ræðir. Auk þess hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesti orsakatengsl.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis vegna ýmissa verkja daginn eftir árekstur þar sem ekið var aftan á strætisvagn sem hún ók 18. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þá ber einnig að hafa í huga að skýrslan sýni samt að áreksturinn hafi verið á 30 km/klst hraða. M hefur reglulega leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun til sjúkraþjálfara vegna verkja, m.a. í herðum og hálsi. Þó svo að læknisgögn gefi til kynna að M eigi nokkur slys að baki verður ekki útilokað af framlögðum gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í ljósi þeirrar samfellu sem hefur verið í læknisvitjunum og meðferð M sem og að M lýsir auknum verkum eftir áreksturinn, verður að telja nokkrar líkur á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, að því marki sem niðurstöður matsgerðar sýna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki sem sýnt er fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir